

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

### *75. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 27. apríl 2006, kl. 13:30.

#### **DAGSKRÁ:**

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð veitnanefndar frá 23. apríl.
3. Athugasemdir v/Dettifossvegur.
4. Ráðningar í sumarstörf.
5. Úrskurðarnefnd skipulags og byggingarmála v/Helluhrauns 9
6. Grenndarkynning. Erindi Eldár ehf þar sem óskað er eftir að breyta Helluhrauni 7a,8 og 8a úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili.
7. Bréf Landverndar til Skipulagsstofnunar v/Dettifossvegur.
8. Erindi UST, samstarf v/ kortlagningar vega og vegslóða.

Til kynningar.

Fundargerð Héraðsráðs frá 17. mars.

Fundargerð Héraðsráðs frá 5. apríl.

Fundargerð Héraðsnefndar frá 1. mars.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 7. og 8. yrði bætt á dagskrá. Samþykkt.

**2. Fundargerð veitnanefndar frá 23. apríl.**

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fundargerðina.

**3. Athugasemdir v/Dettifossvegur.**

Hér var farið línuvillt, þetta mál átti að vera til kynningar.

**4. Ráðningar í sumarstörf.**

Borist hafa níu starfsumsóknir.

**Áhaldahús**

Örn Hauksson.

**Íþróttamiðstöð**

Þórhallur Ingi Jónsson.  
Jóhanna Jóhannesdóttir.  
Ottó Páll Arnarson.  
Ísak Sigurðsson.

**Upplýsingamiðstöð.**

Þorgeir Gunnarsson.  
Þórunn Snæbjarnardóttir.  
Edda Stefánsdóttir.

**Skólaliði.**

Ingunn Guðbjörnsdóttir.

Samþykkt að ráða Örn í Áhaldahús. Þórhall, Jóhönnu, Ottó og Ísak í Íþróttamiðstöð. Þorgeir í Upplýsingamiðstöð og Ingunni í starf skólaliða.

**5. Úrskurðarnefnd skipulags og byggingarmála v/Helluhrauns 9.**

Borist hefur úrskurður Úrskurðarnefndar skipulags – og byggingarmála dags. 24. apríl 2006 vegna kæru eigenda Helluholts á þeirri ákvörðun sveitarstjórnar frá 06. júlí 2005 að hafna breytingu á notkun hússins að Helluhrauni 9 úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili. Úrskurðarnefnd skipulags – og byggingarmála fellir úr gildi synjun sveitarstjórnar Skútustaðahrepps. Helluholti er því heimilt að breyta notkun hússins.

**6. Grenndarkynning. Erindi Eldár ehf þar sem óskað er eftir að breyta Helluhrauni 7a,8 og 8a úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili.**

Með bréfi dags. 6. feb. s.l. óskaði Eldá ehf. eftir leyfi til að breyta notkun íbúðanna nr. 7a, 8 og 8a við Helluhraun úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti á fundi sínum 9. feb. að fram skyldi fara grenndarkynning sem næði til eigenda og íbúa við Helluhraun. Eftirtöldum eigendum húsnæðis við Helluhraun var sent bréf það sem hér fer á eftir:

Heilbrigðisstofnun Þingeyinga v/ Helluhrauns 17  
Birningi ehf v/Helluhrauns 16

Jóni Illugasyni v/Helluhrauns 15  
 Magnúsi Ómari Stefánssyni og Unni Sigurðardóttur v/Helluhrauns 14  
 Ásdísi Illugadóttur v/Helluhrauns 13  
 Rögnvaldi Agli Sigurðssyni v/Helluhrauns 12  
 Skútustaðahreppi v/Helluhrauns 10 og 18  
 Landsvirkjun v/Helluhrauns 11  
 Helluholti v/Helluhrauns 7 og 9  
 Álfdísi Sigurgeirsdóttur v/Helluhrauns 6  
 Sigurði Kára Sigfússyni og Margréti Hróarsdóttur v/Helluhrauns 5  
 Sverri Karlssyni v/Helluhrauns 4  
 Sparisjóði S-Þingeyinga v/Helluhrauns 3  
 Karli Viðari Pálssyni v/Helluhrauns 2  
 Norrænu Eldfjallastöðinni v/Helluhrauns 1

**Mývatnssveit, 17. febrúar 2006.**

**Efni: Grenndarkynning vegna óska Eldár ehf. um að breyta notkun íbúðanna nr. 7a, 8 og 8a við Helluhraun úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili.**

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur borist umsókn frá Eldár ehf. um leyfi til að breyta notkun íbúðanna nr. 7a, 8 og 8a við Helluhraun úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili.

Samþykkt var á fundi sveitarstjórnar 9. febrúar s.l. að grenndarkynna erindið fyrir hagsmunaaðilum.

Með bréfi þessu fylgir afrit af erindi Eldár ehf. dags. 6. febrúar. Ennfremur fylgir útprentun á 43. gr. laga nr. 73/1997

Með vísan til 7. mgr. 43. gr. laga nr. 73/1997 er eftirtöldum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að tjá sig um erindið: Húseigendum/húsfélögum Helluhrauns 1 – 18. Bent skal á að leigutakar húsnæðis teljast einnig til hagsmunaaðila og skulu húseigendur kynna tillöguna fyrir þeim.

Nánari upplýsingar, ef einhverjar eru veitir sveitarstjóri á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, 660 Mývatn, netf. [sveitarstjorn@myv.is](mailto:sveitarstjorn@myv.is)

Athugasemdir við fyrrgreint erindi skal komið skriflega til sveitarstjóra Skútustaðahrepps eða á netfangið [sveitarstjorn@myv.is](mailto:sveitarstjorn@myv.is) eigi síðar en 17. mars n.k. Þeir sem ekki gera athugasemd við erindi teljast samþykkja það.

**Virðingarfyllt,**

**Guðrún M. Valgeirsdóttir, sveitarstj.**

Tvær athugasemdir bárust vegna framangreinds bréfs, frá eigendum Helluhrauns 2 annars vegar og frá eigendum Helluhrauns 5 hinsvegar. Athugasemdirnar fylgja aftast í fundargerðinni.

Í ljósi úrskurðar Úrskurðarnefndar skipulags – og byggingarmála frá 24. apríl sl. tekur sveitarstjórn ekki undir athugasemdir íbúa Helluhrauns 2 og 5 og heimilar Eldá ehf. að breyta notkun íbúðanna nr. 7a, 8 og 8a úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili.

Samþykkt samhljóða.

## **7. Bréf Landverndar til Skipulagsstofnunar v/Dettifossvegur.** Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi tilkynningu.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps furðar sig á þeirri lítisvirðingu sem stjórn Landverndar sýnir sveitarstjórnnum Skútustaða – Keldunes – og Öxarfjarðahrepps með bréfi sínu til Skipulagsstofnunar dags. 21. apríl 2006. Í bréfinu kemur fram að stjórn Landverndar telur sig þess betur umkomna að meta hvað þjóni best almennum samgönguþörfum héraðsins heldur en sveitarstjórnir á svæðinu.

Það hefur verið til síðs um margra ára skeið að leita eftir samstöðu heimamanna (sveitarstjórna og ýmissa hagsmunaaðila) þegar ráðist hefur verið í að gera ný samgöngumannvirki sem tengja byggðir og gagnast atvinnulífi. Fyrir nokkrum árum var skipuð samráðsnefnd í því skyni að hyggja að tengingu þjóðveggar 1 við Jökulsá á Fjöllum og niður í Kelduhverfi.

Í nefndinni áttu sæti fullrúar Skútustaða – Keldunes – og Öxarfjarðarhrepps auk fulltrúa frá Vegagerðinni, ferðaþjónustunni og Umhverfisstofnun. Í upphafi voru nokkuð skiptar skoðanir um hvort vegurinn skyldi lagður vestan eða austan árinna. Alger samstaða náðst hins vegar um málið og á fundi samráðsnefndarinnar 12.12.2002 er lagt til að út frá byggða og ferðaþjónustusjónarmiðum og til framtíðar lítið, verði sem fyrst hafist handa við lagningu heilsársveggar með bundnu slitlagi að vestanverðu við Jökulsá með góðum tengingum að Dettifossi, Hólmatungum og Vesturdal

Af einhverjum ástæðum telja samtökin Landvernd sig knúin til að leggjast gegn lagningu heilsársveggar vestan árinna. Landvernd telur hins vegar að leggja eigi veg vestan árinna sem “eingöngu hefði það hlutverk að mæta þörfum náttúruvænnar ferðamennsku”. Þar sem ekki fylgir sögunni hvað átt er við þegar talað er um veg sem mæti þörfum “náttúruvænnar ferðamennsku”, er spurt hvað er náttúruvæn ferðamennska? Er þar eingöngu átt við þá sem ferðast um á tveimur jafnfljótum? Í ljósi reynslunnar má hins vegar geta sér þess til að það þýði að enginn vegur verði lagður. Lögum hafa þau sjónarmið verið ríkjandi hjá ýmsum “landverndarsamtökum” að leggjast gegn því að ýmsar náttúruperlur landsins verði aðgengilegar ferðamönnum. Vissulega þarf að fara gætilega en reynslan hefur sýnt að veruleg náttúruvernd felst í því að gera góða vegi að ferðamannastöðum og koma þannig í veg fyrir utanvegaakstur sem víða er landlægt vandamál.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps og þorri heimamanna í Mývatnssveit hafa lagst alfarið gegn því að það vegstæði verði valið sem merkt er A og telja þvert á það sem Landvernd telur að ill gerlegt sé nema með gífurlegum kostnaði að bæta gróðuspjöll sem með þeirri vegarlagningu verða unnin. Hafa ber í huga í því sambandi að úrkoma á svæðinu er með því allra minnsta sem þekkist í landinu og landeyðing viðvarandi vandamál.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er með öllu ósammála þeirri skoðun Landverndar að vegarlagning innan þjóðgarða sé að öllu jöfnu ógnun. Þvert á móti teljum við tækifæri fólgin í sem bestu aðgengi að þjóðgördum og þjónustu við ferðamenn innan marka þeirra.

Baráttan fyrir góðum heilsársvegi að náttúruperlum Jökulsárgljúfra hefur staðið lengi og hefur reynt mjög á þolinmæði heimamanna sem barist hafa fyrir því að ferðaþjónustan geti boðið skoðunarferðir um svæðið allt árið. Við teljum að sú niðurstaða sem fengist hefur eftir ítarlegt samráð og fundahöld heima í héraði sé góð og muni veita íbúum og ferðaþjónustu færi til frekari sóknar án þess að náttúrinni sé á nokkurn hátt ógnað. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps þykir viðhorf Landverndar einkennast af ókunnugleika, hroka og tillitsleysi við heimafólk.

## **8. Erindi UST, samstarf v/ kortlagningar vegna og vegslóða.**

Á fundi sveitarstjórnar 11. apríl sl. var ákveðið að auglýsa eftir athugasemdum landeigenda í Skútustaðahreppi við fyrirhugaða kortlagningu vegslóða vegna útgáfu nýrra Ferðakorta á vegum Landmælinga Íslands.

Athugasemdir bárust frá landeigendum í Garði, Grænavatni, Grímsstöðum, Gautlöndum, Vogum, Baldursheimi, Reykjahlíð.

Fleira ekki gert.

Fundi slítið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Jón Óskar Ferdinandsson,

Kristján Stefánsson,

Birkir Fanndal Haraldsson,

Böðvar Pétusson.

Reykjavík 13/3'06

Sveitarstjórn Skúlusáttalar.  
Hlíðarvegur.

Efni: Grendarkvæðing Helluhausna  
7A-8-8A.

Við undirrituð eigendur að  
Helluhausna 2. erum sama  
sinnis og vegna grendarkvæðing.  
Helluhausna á síðasta ári,  
af því að möðu aukinni  
gistiþjónustu í góðum.

Hercdis Skúlagard.  
Karl Vítur Vítsson

Helluhausna 2.

Helluhrauni 5, 12 mars 2006

Sveitastjóri Skútustaðahrepps  
Guðrún María Valgeirsdóttir  
Hlíðavegi 6  
660 Mývatn

**Efni: Grendarkynning vegna óska Eldá ehf um að breyta notkun hússins að Helluhrauni 7a, 8, og 8a úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili.**

Undirrituðum hefur borist ofangreind grendarkynning, um breyta notkun á íbúðarhúsnæði við Helluhraun 7a, 8 og 8a. Varðandi ofangreinda ósk eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

1. Með breytingum á húsnæði þessu mun akandi umferð um götuna aukast til mikilla muna, og er það mat okkar að meiri umferð sé af gestum í gistiheimili en fastbúandi fólki. Í húsunum eiga að vera 7 herbergi (14 gistirými) en aðeins eru 6 bílastæði við húsið. Í íbúðinni að Helluhrauni 7 er þegar rekið gistiheimili. eru ekki næg bílastæði fyrir gistiheimið sem rekið er þar og íbúa sem hafa búið í þessum íbúðum (Helluhraun 7a, 8, 8a). Gera má ráð fyrir að fjöldi bílastæða sé ekki nægur og bílum verði lagt á gangstéttum og jafnvel á einkastæðum. Það er alkunna að mest aukning ferðamanna undanfarin ár er fólk akandi um á bílaleigubílum að meðaltali 2 í bíl skv. könnunum sem gerðar hafa verið. Því má ætla að lágmarksfjöldi bílastæða verði að vera amk 11 fyrir gesti auk bílastæða fyrir starfsmenn. Þá má gera ráð fyrir aukinni umferð stórra bíla og hóptferðabíla um götuna, engin bílastæði eru í götunni fyrir slík ökutæki.
2. Gatan er skipulögð íbúðargata og við höfum keypt okkar eignir við götuna í þeirri vissu að ekki yrði þar breyting á, amk ekki í þeim mæli sem hér greinir.
3. Að okkar mati eru það skipulagsleg mistök af hálfu sveitastjórnar að ljá máls á því að breyta íbúðarhúsnæði í götunni í gistiheimili, næg þörf sé fyrir það sem íbúðarhúsnæði. Það verð vissulega þörf fyrir aukið gistirými á ferðamannamarkaði í Mývatnsveit yfir sumarið en þeir sem vinna í gistihúsum og í ferðamannageiranum verða líka einhverstaðar að búa. Við leggjum til að sveitastjórnin skipuleggi svæði fyrir nýja gistihúsabyggð.
4. Með umsókn Eldá ehf er því verið að sækja um að hafa gistiheimili í húsnæði að Helluhrauni 7a, 8, 8a og einnig er inni umsókn um að reka gistiheimili að Helluhrauni 9. Eldá ehf hefur nú þegar leifi til að reka gistiheimili í Helluhrauni 7 og 15.
5. Viljum við vekja athygli á því að á heimasíðu Eldá ehf er Helluhraun 9 talið upp sem gistirými og vitum við ekki til þess að Eldá ehf hafi tilskilin leyfi til að reka það.

Virðingarfyllst:

Sigurður Kári Sigfússon



Margrét Hróarsdóttir

